

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lögbundin verkefni Sjúkrahússins á Akureyri.

1. *Hvaða lögbundnu verkefnum sinnir Sjúkrahúsið á Akureyri?*

Lögbundið hlutverk Sjúkrahússins á Akureyri er skilgreint í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007. Í 21. gr. laganna er kveðið á um að hlutverk þess sé að:

- a. veita heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma samræmist skyldu slíks sjúkrahúss, m.a. sérfræðiþjónustu í helstu greinum læknisfræði, hjúkrunarfræði og eftir atvikum öðrum greinum heilbrigðisvísinda sem stundaðar eru hér á landi, með aðgengi að stoðeildum og rannsóknadeildum,
- b. annast starfsnám háskólanema í heilbrigðisvísindagreinum við Háskólann á Akureyri,
- c. taka þátt í starfsnámi annarra háskólanema og framhaldsskólanema í grunn- og framhaldsnámi á heilbrigðissviði í samvinnu við Landspítala, Háskóla Íslands og aðrar heilbrigðisstofnanir og skóla,
- d. stunda vísindarannsóknir á heilbrigðissviði,
- e. gera fagfólki kleift að sinna fræðastörfum við Háskólann á Akureyri eða eftir atvikum aðra háskóla,
- f. vera varasjúkrahús Landspítala.

2. *Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna Sjúkrahússins á Akureyri og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?*

Heildarfjárveiting til Sjúkrahússins á Akureyri samkvæmt fylgiriti fjárlaga 2020 eru 8.449,7 millj. kr. að frádregnum sértekjum að fjárhæð 837,2 millj. kr. Fjárveitingar eru ekki sundurliðaðar eftir lögbundnum verkefnum stofnana í fjárlögum. Eftirfarandi skipting niður á viðföng kemur fram í fylgiriti með fjárlögum:

08-358	Sjúkrahúsið á Akureyri	8.449,7
08-358.101	Sjúkrahúsið á Akureyri	8.241,8
08-358.601	Tæki og búnaður	207,9